



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um styttingu þjóðvegars milli höfuðborgar-  
svæðisins og Norðausturlands með lagningu nýs vegar á svonefndri Svínvatnsleið, 36. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja efni þessarar tillögu og leggja til að í framkvæmdina verði ráðist sem fyrst.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur styttist um allt að 14 km og að einnig styttist leiðin milli höfuðborgarinnar og Siglufjarðar. Gert er ráð fyrir að framkvæmd sé afar hagkvæm og að veggjöld standi undir kostnaði við hana. Framkvæmdin hentar þannig vel til einkaframkvæmdar. Mikilvægt er að auka fjárfestingar í hagkerfinu sem eru um þessar mundir minni en um áratugaskeið.

Virðingarfyllt,

  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
f.h. Samtaka iðnaðarins